



Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2013

Tilvísun: 0166/2624

Erlendur Á. Hjálmarsson  
Klébergi 6  
221 Hafnarfirði.

Erindi: Fjörukráin, Víkingastræti 1, Hafnarfirði – hurðir, tilfærsla á stiga o.fl.


Leitað hefur verið álits Minjastofnunar Íslands vegna umsóknar um leyfi til að setja upp tvær hurðir, færa til stiga og gera ráðstafanir vegna brunavarna í húsinu nr. 1 við Víkingastræti, áður Strandgötu 55-57 (Fjörukránni) skv. teikningum Erlends Á. Hjálmarssonar byggingafræðings og og Atla Erlendssonar hönnuðar dagsettar 22. nóvember 2012. Með stimpli dags. 23. janúar 2013 samþykkir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins teikningarnar.

Fasteignin samanstendur annars vegar af tveimur friðlýstum byggingum, íbúðarhúsi og sölubúð frá 1841, og hins vegar yngri viðbyggingum, sem m.a. tengja saman hin friðlýstu hús. Skv. 9. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal húsafriðunarnefnd fjalla um breytingar á friðlýstum húsum.

Nefndin fjallaði um erindið með staðfestum tölvusamskiptum nefndarmanna. Nefndin telur að þær breytingar sem sótt er um snúi að því að efla brunavarnir í húsasamstæðunni, einkum í yngri hlutum hennar. Þær hafi ekki áhrif á ytra útlit hinna friðlýstu húsa og séu ekki til þess fallnar að rýra minjagildi þeirra.

*Ekki er gerð athugasemd við erindið.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristín Huld Sigurðardóttir  
forstöðumaður

Afrit:  
Byggðasafn Hafnarfjarðar  
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins